

Heillandi heimur smitsjúkdóma

Ég fékk áhuga á smitsjúkdómalækningum vegna þess góða fordæmis sem smitsjúkdómalæknar á Landspítala sýndu með vilja þeirra til að kenna og hafa samskipti við læknanema og sérnámslækna (sérstaklega þegar þeir reyndu að fá þig til að stoppa sýklalyf!)

Ég var einstaklega lánsamur að hafa haft tækifæri til að vinna með Sigurði Guðmundssyni þegar hann ákvað að enda ferilinn í „klíník“. Ég var á smitsjúkdómadeildinni og sýklafræðideildinni á sjötta árs val tímabilinu í læknadeild og var eftirminnilegt atvik frá því val tímabili þegar Sigurður bað mig um að hitta sig á skolinu á A7 og þegar ég kem þar inn sé ég hálfvand-

ræðalegan Sigurð blanda saman hægðum, úr renniláspoka, í bikarglas og svo síá blönduna með kaffisíu til undirbúnings fyrir saurörveruigræðslu. Það setti annan snúning á gefa skít í sjúklinginn!

Ég fór í kjölfarið til Bandaríkjanna sumarið 2019 þar sem ég lærði lyflækningar við University of Iowa og útskrifaðist þaðan sumarið 2022. Ég hafði ekki tekið lokaákvörðun um að sérhæfa mig í smitsjúkdómum þó það væri efst á blaði og á tímabili, þegar ákveðin veirupest var að ganga um, missti ég næstum allan áhuga á smitsjúkdómum og daðraði við gígatrlækningar, ónæmisfræði eða lungnalækningar.

Sem betur fer sá ég villu míns vegar



Davíð Ólafsson
smitsjúkdómalæknir

og nú legg ég stund á sérnám í smitsjúkdómalækningum við Washington University í Saint Louis sem ég mun klára í júlí 2024. Starf mitt þar hefur kveikt áhuga minn á fíknisjúkdómum og tengdum fylgikvillum sem ég mun vinna nánar með og stunda rannsóknir á.



Félags íslenskra heimilislækna

Vísinda- og þróunarstyrkir Vorúthlutun 2023

Vísindasjóður Félags íslenskra heimilislækna (FÍH) úthlutar styrkjum til vísinda- og þróunarverkefna á sviði heilsugæslu tvisvar á ári. Lögð er áhersla á að styrkja rannsóknir í heimilislækningum, um heimilislækningar og á forsendum heimilislækninganna sjálfra. Sjóðurinn veitir einnig **sérstaka starfsstyrki** til slíkrar vinnu.

Umsóknir um vorúthlutun fyrir styrkarið 2023 þurfa að berast sjóðnum fyrir **20. apríl** næstkomandi. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar til greina.

Umsóknum ber að skila rafrænt til Margrétar Aðalsteinsdóttur (margret@lis.is), hjá Læknafélagi Íslands, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi, ásamt rannsóknar- og fjárhagsáætlunum eða framgangsskýrslu ef um endurumsókn sama verkefnis er að ræða.

Umsóknareyðublað er að finna á innra neti heimasíðu Læknafélagsins, www.lis.is, á heimasvæði FÍH.

Starfsstyrkir geta verið allt frá 1 til 12 mánaða í senn. Upphæð starfsstyrks miðast við fasta upphæð sem svarar til dagvinnulauna styrkþega og er þá tekið mið af menntun og starfsaldri, þó aldrei hærrí en sem svarar

dagvinnulaunum yfirlæknis í heilsugæslu. Sé styrkþegi starfandi á heilbrigðisstofnun innan heilsugæslunnar leggur stjórn Vísindasjóðsins til að styrkurinn verði greiddur beint til þeirrar stofnunar. Á móti komi að forsvarsmenn stofnunarinnar sjái til þess að styrkþegi haldi áfram starfi sínu, óbreyttum launum og réttindum, en fái jafnframt tíma til að sinna rannsóknarstörfum á dagtíma. Sjóðurinn veitir að jafnaði starfsstyrki til verkefna sem krefjast minnst tveggja mánaða vinnu eða meir.

Við mat á umsóknum er lögð áhersla á að rannsóknarverkefnið sé á forsendum heilsugæslunnar. Sé um vísindaverkefni að ræða er einnig lögð áhersla á tengsl rannsakenda við heimilislæknisfræði Háskóla Íslands eða aðra akademíska háskólastofnun í heimilislækningum.

Nánari upplýsingar veitir
Emil L. Sigurðsson (emilsig@hi.is)

Stjórn Vísindasjóðs FÍH